

35. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs 11. október 2017 kl. 09:30-11:00 á Hvolsvelli

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir (í síma) og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Auk þess tók Berglind Sigmundsdóttir verkefnastjóri þátt í fundinum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur jarðvangsins fyrir 2016. Stjórnin staðfesti ársreikninginn.
2. Undirbúningur að rekstraráætlun fyrir næsta ár.
 - a. Framlag sveitarfélaganna. Núverandi framlag er 12 mkr. Samþykkt að beina því til sveitarfélaganna að miða við 14 mkr á árinu 2018. Hlutur Rangárþings eystra væri þá 7 mkr, en 3,5 mkr hjá hvoru hinna sveitarfélaganna, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi.
 - b. Nýting á framlagi ríkisins – gera þarf greinargerð um nýtingu fjárisins 2017 og áætlun um nýtingu fjárs 2018.
 - c. Aðkoma fyrirtækja og/eða stofnana að jarðvanginum, skuldbindingar og greiðslur í því sambandi. Málið rætt. Forsendur hafa að einhverju leyti breyst með tilkomu fjárstuðnings frá ríkinu. Samþykkt að stefna að fundi með jarðvangsfyrirtækjum og öðrum áhugasömum fyrirtækjum fyrir áramót.
3. Umræður um samþykktir félagsins varðandi stjórn og félagsaðild. Samþykkt að fulltrúi samstarfsfyrirtækjanna í varastjórn verði kosinn á fyrrgreindum fundi
4. Umræður um aðkomu samsamráðshóps ráðuneytisins að jarðvanginum í samræmi við ákvæði í samningnum
 - a. „Til að tryggja samræmingu verkefna, eftirfylgni og framgang verkefnisins um Kötlu jarðvang skipar umhverfis- og auðlindaráðuneytið samráðshóp með fulltrúum fjögurra aðila, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Minjastofnunar, ásamt fulltrúa Kötlu jarðvangs sem er formaður starfshópsins.“
Stjórnin samþykkir að framkvæmdastjóri jarðvangsins verði fulltrúi hans í starfshópnum.

Önnur mál

Sigurður dreifði upplýsingum um stærðir jarðfræðilegra heilda norðan og vestan jarðvangsins.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 11.